

## **Almennt**

Leiðbeiningum þessum er ætlað að tryggja að þegar grípa þarf til skömmtunar á raforku sé hún framkvæmd á þann hátt að sú raforka sem er til taks sé sem best nýtt að teknu tilliti til almannahagsmuna. Íslenskar dreifiveitur eru afar ólíkar hvað varðar stærð dreifiveitusvæðis, landfræðilegra aðstæðna og magns dreifðrar raforku þannig að erfitt er að setja nákvæmlega sömu kröfur á þær allar. Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar sem viðmið við útfærslu á reglum dreifiveitna um skömmtun, sem þeim er ætlað að setja sér sbr. 3. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga.

Samkvæmt 6. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 segir:

„Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.“

Í 3. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 segir jafnframt:

„Dreifiveitur skulu setja sér reglur um hvernig skömmtun skuli háttáð. Við setningu reglna um skömmtun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu.“

Í þeim tilfellum þar sem dreifiveitusvæðið er ekki samfellt heldur samanstendur af eyjum sem hver um sig er tengd flutningskerfinu, er eðlilegt að reglur um skömmtun taki mið af aðstæðum hvernar einingar fyrir sig.

## **Framkvæmd skömmtunar raforku**

Þegar grípa þarf til skömmtunar skal leitast við að forgangsraða afhendingu orku með tilliti til eftirfarandi atriða:

- a) Lífs og heilsu.
- b) Mikilvægum hagsmunum samfélagsins eins og stjórnkerfis, upplýsinga- og öryggismála, samfélagslegra innviða, veitufyrirtækja o.s.fv.
- c) Viðskiptalífs.

Dreifiveitur skulu setja sér reglur um það hvernig skömmtun er hagað. Telja verður eðlilegt að dreifiveitur leiti upplýsinga hjá stjórnvöldum og opinberum stofnunum sem áætlinin snertir.

Æskilegt er að dreifiveiturnar þrói og viðhaldi verkferlum vegna skömmtunar með þeim hætti að allir sem málið varðar séu upplýstir og að framkvæmdar séu æfingaáætlanir.

Allir aðilar sem skömmunaráætlunin varðar skulu geta unnið á grundvelli hennar á þann hátt að áætlunin sé framkvæmanleg.

**Reglur um skömmun raforku sem dreifiveitum er skylt að gera skulu að lágmarki innihalda þá liði sem tilgreindir eru hér að neðan.**

Reglur um skömmun skulu fjalla um eftirfarandi atriði:

- 1) Áætlun um innra skipulag fyrirtækisins, vaktaáætlun, samræmingarhóp og annað sem er nauðsynlegt við útfærslu á skömmuninni.
- 2) Áætlun um miðlun upplýsinga til að koma skömmuninni í framkvæmd. Þessi áætlun skal tiltaka upplýsingar til eigin viðskiptavina, yfirvalda og þeirra sem bera ábyrgð á því að tryggja líf og heilsu í samfélaginu, fjölmiðla, eigin starfsmanna og almennings eftir því sem við á. Í áætluninni skal einnig koma fram hvernig bregðast skuli við fyrirspurnum frá þessum aðilum.
- 3) Áætlun um samskipti við yfirvöld, þá sem bera ábyrgð á samfélagslega mikilvægum þáttum eins og löggæslu, heilbrigðisyfirvöld og annarra mikilvægra aðila við undirbúning á skömmun.
- 4) Áætlun um hvernig skuli forgangsraða notendum við skömmun og um kerfisbundna aftengingu svæða sem innihaldi:
  - a. Yfirlit yfir alla notendur sem ekki mega falla undir kerfisbundna aftengingu svæða.
  - b. Skilgreiningu á svæðum þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa notenda við ákvörðun á aftengingu þar sem tekið er tillit til lengdar, dags/nætur o.s.frv.
- 5) Áætlun um hvernig dreifiveitan geti dregið úr dreifingu til notenda í áföngum um t.d. 30, 50 eða 70% miðað við alla dreifingu til notenda á tilsvarendi tímabili á árinu áður. Þar sem dreifiveita samanstendur af mörgum eyjum skal sérstök áætlun liggja fyrir um hverja eyju fyrir sig eftir því sem kostur er.
- 6) Yfirlit yfir framleiðendur raforku á svæði og framleiðslumöguleika. Þetta tekur til raforkuframleiðenda í dreifikerfinu og mögulega stærrí neyðarstraumsbúnaðar á svæðinu.
- 7) Yfirlit yfir annan nauðsynlegan undirbúning til þess að geta framfylgt skömmuninni eins og undirbúning til að tryggja öryggi einstaklinga og til að leiðrétta mistök.
- 8) Kerfi til þess að meta áhrifin af framkvæmdinni og gera tillögur til úrbóta.